

7. september 2018

## Landsframleiðslan 2017 – endurskoðun

*Gross Domestic Product 2017 – Revision*

### Samantekt

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 4,0% á árinu 2017 og er nú 15,2% meiri en hún var árið 2008. Einkaneysla og fjárfesting vógu þyngst í vexti landsframleiðslunnar en alls jukust þjóðarútgjöld um 7,0%. Einkaneysla jókst um 7,9%, samneysla um 3,1% og fjárfesting um 9,5%.

Útflutningur jókst um 5,5% á árinu 2017 sem er nokkuð hægari vöxtur en árið 2016 þegar útflutningur jókst um 10,9%. Á árinu 2017 jókst innflutningur um 12,5% og dró utanríkisverslun úr hagvexti þrátt fyrir 106,8 milljarðs króna afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum á liðnu ári.

Fjárfesting jókst um 9,5% árið 2017 samanborið við 21,7% vöxt árið 2016. Aukning í fjárfestingu atvinnuveganna nam 4,8% og íbúðafjárfesting jókst um 18,4%. Fjárfesting hins opinbera jókst um 26,9% á árinu 2017 sem er töluvert meiri vöxtur en síðustu ár. Fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, nam 22,3% á árinu 2017 og hefur ekki mælst meiri á þann mælikvarða frá árinu 2008. Frá árinu 2010 hefur fjárfesting aukist að raungildi um 121,4% borið saman við 27,9% aukningu landsframleiðslunnar í heild.

Afgangur af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum nam um 1,5 milljörðum króna á síðasta ári samanborið við 44,8 milljarða árið 2016 en það var í fyrsta skipti frá því að gerð þjóðhagsreikninga hófst árið 1945 að afgangur mældist af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 23,3% á liðnu ári, samanborið við 22,8% árið 2016. Frá árinu 1997 hefur hlutfall samneyslu af landsframleiðslu verið 23,5% að meðaltali.


Vegna tafa á útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2017 eru þjóðhagsreikningar nú birtir með fyrirvara um óvissu í uppgjöri fjármála hins opinbera. Athygli er sömuleiðis vakin á því að útgáfu hagtíðinda: *Fjármál hins opinbera 2017 - endurskoðun*, sem fyrirhuguð var þann 14. september hefur af sömu ástæðu verið frestað til 13. desember næstkomandi.



*Hagvöxtur 4,0% á árinu 2017*

Hagstofan birtir nú endurskoðun á þjóðhagsreikningum fyrir árið 2017. Samkvæmt henni nam landsframleiðsla ársins 2017 2.615 milljörðum króna en það er 112,5 milljörðum eða 4,5% hærri fjárhæð en árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðslan að raungildi um 4,0% samanborið við 7,4% vöxt árið áður. Frá árinu 2010 hefur landsframleiðslan vaxið ár frá ári, í heild um 27,9% að raungildi á tímabilinu.

Að teknu tilliti til mannfjöldaauknningar, sem nam 2,4%, jókst landsframleiðsla á mann að raungildi um 1,6% árið 2017. Frá árinu 2010 hefur landsframleiðsla á mann aukist um 18,5% að raungildi, og er meiri en áður hefur mælst.

**Mynd 1. Vöxtur landsframleiðslu***Figure 1. GDP growth rate*

**Skýring Note:** Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. *Preliminary data 2016 and 2017.*

*Einkaneysla meiri en áður hefur mælst*

Einkaneysla jókst um 7,9% að raungildi á árinu 2017 sem er meiri árlegur vöxtur en mælst hefur síðan árið 2005. Að raungildi var einkaneysla á síðastliðnu ári hærri en hún hefur áður mælst. Að teknu tilliti til mannfjölda jókst einkaneysla um 5,4% á árinu 2017 en hún mælist þó enn 3,1% minni en þegar einkaneysla á mann mældist mest árið 2007.


Á árinu 2017 var einkaneysla 98% meiri að raungildi en hún var á árinu 1990 en á sama tíma hefur landsframleiðsla riflega tvöfaldast og mannfjöldinn aukist um 35%. Einkaneysla á mann hefur því aukist um tæplega 47% en landsframleiðsla á mann um 64% á þessu tímabili.

*Hlutfall einkaneyslu áfram lágt í sögulegu samhengi*

Árið 2017 reyndist hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu vera 50,3% sem er lágt í sögulegu samhengi. Á árunum 1980–2007 var hlutfall einkaneyslu af landsframleiðslu 58,2% að meðaltali samanborið við 51,6% á árunum 2008–2017.

## Mynd 2. Magnvísitala einkaneyslu og landsframleiðslu

Figure 2. Private final consumption and GDP, volume indices



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.

### Samneysla jókst um 3,1%

Samneysla jókst um 3,1% að raungildi á liðnu ári. Til samanburðar nam aukning í samneyslu 1,9% árið 2016 og 1,1% árið 2015. Eftir fjögur samfellt ár samdráttar í samneyslu á árunum 2009–2012 og fremur hægan vöxt hennar 2013–2015 mælist vöxtur samneyslunnar nú nær sögulegu meðaltali. Frá árinu 1980 hefur samneyslan aukist um 3,1% að meðaltali á ári en um 2,4% á ári frá 1990.

Sem hlutfall af landsframleiðslu var samneysla 23,3% á liðnu ári boríð saman við 22,8% árið 2016. Á síðustu tuttugu árum hefur hlutfall samneyslu af landsframleiðslu verið 23,5% að meðaltali.

Vegna tafa á útgáfu Ríkisreiknings fyrir árið 2017 hefur útgáfu hagtíðinda: *Fjármál hins opinbera 2017 - endurskoðun*, sem fyrirhuguð var þann 14. september verið frestað til 13. desember næstkomandi. Útgáfan verður samhliða útgáfu hagtíðinda um Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2018.

### Dregur úr vexti fjárfestingar


Fjárfesting jókst um 9,5% að raungildi á síðasta ári samanboríð við 21,7% árið 2016 og 19,7% árið 2015. Fjárfesting, sem hlutfall af landsframleiðslu, nam 22,3% á árinu 2017 sem er nálaðt sögulegu meðaltal. Á árunum 2009–2015 var hlutfallið að meðaltali 16,1%, samanboríð við 22,6% á árabilinu 1980–2008. Sambærilegt hlutfall fyrir OECD-ríkin í heild hefur verið mun stöðugra, rétt undir 20% undanfarinn aldarfjórðung.

Vöxtur í fjárfestingu atvinnuveganna mældist 4,8% árið 2017 samanboríð við 25,1% vöxt árið 2016. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði jókst um 18,4%, samanboríð við 26,4% árið 2016 og fjárfesting hins opinbera jókst um 26,9% boríð saman við 0,1% samdrátt árið 2016.

Frá árinu 2010 hefur fjárfesting atvinnuveganna aukist um 160,9%, fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 108,6% og fjárfesting hins opinbera um 22,8%.

### Mynd 3. Magnvísitala fjárfestingar og helstu undirliða

Figure 3. Gross fixed capital formation, volume indices by main components



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.


Inn- og útflutningur skipa og flugvél kemur með beinum hætti fram í fjárfestingu ársins ýmist til hækunar eða lækkunar. Þessi stærð skiptir oft sköpum varðandi heildarfjárhæðir í fjárfestingu og utanríkisviðskiptum en áhrif á landsframleiðslu eru aftur á móti lítil sem engin þar sem fjárfestingaráhrifin vega á móti áhrifum á utanríkisviðskipti. Hvað árið 2017 varðar eru þessi áhrif nokkur en atvinnuvegafjárfesting að frádreginni fjárfestingu í skipum og flugvélum jókst á síðasta ári um 5,5% en að þeim meðtöldum nokkru minna eða um 4,8%.

#### Hægir á vexti útflutnings

Heildarútflutningur jókst um 5,5% á árinu 2017 sem er nokkuð hægari vöxtur en árið 2016 þegar útflutningur jókst um 10,9%. Vörúútflutningur jókst um 1,4% og útflutningur á þjónustu um 8,8% á síðasta ári. Á sama tíma jókst innflutningur um 12,5%, þar af á vörum um 11,5% og á þjónustu um 14,1%. Þó að innflutningur hafi aukist nokkuð umfram útflutning varð verulegur afgangur af vöru- og þjónustuvíðskiptum á árinu 2017, eða 106,8 milljarðar króna, samanborið við 155,6 milljarða króna árið áður á verðlagi hvors árs.

Undanfarin ár hefur útflutningur vörur og þjónustu verið afar mikill, mældur sem hlutfall af landsframleiðslu. Árið 2017 nam hlutfallið 46,1% og hefur það verið um og yfir 50% frá árinu 2009. Til samanburðar mældist hlutfallið að meðaltali 34,6% á árunum 1980–2008.

**Mynd 4. Magnbreyting þjóðarútgjalda og landsframleiðslu**  
*Figure 4. GDP and Domestic final expenditure, annual growth rate*



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.


#### Þjóðarútgjöld jukust umfram landsframleiðslu

Meiri aukning innflutnings en útflutnings að raungildi olli því að landsframleiðsla jókst nokkuð minna en sem nam vexti þjóðarútgjalda (samtala neyslu og fjárfestingar) eða um 4% samanborið við 7% aukningu þjóðarútgjalda. Árið 2016 jukust þjóðarútgjöldin um 8,8% en landsframleiðslan um 7,4%.

Undanfarin fimm ár hafa þjóðarútgjöld aukist meira en sem nemur vexti landsframleiðslunnar. Á tímabilinu hafa þjóðarútgjöld aukist um 31,3% að raungildi samanborið við 24% aukningu í landsframleiðslu. Frá árinu 1990 hefur landsframleiðslan hins vegar aukist meira eða um 121,3% að raungildi samanborið við 108,3% aukningu þjóðarútgjalda á sama tímabili.

#### Mynd 5. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti

Figure 5. Contribution to growth by expenditure items



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.

### Jákvæð viðskiptakjaraáhrif

Viðskiptakjaraáhrif, sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, voru jákvæð um 0,8% árið 2017 og um 1,4% árið 2016. Verð á útfluttum vörum og þjónustu lækkaði á árinu 2017 um 3,6% í íslenskum krónum en verð á innfluttum vörum og þjónustu lækkaði um 5,2% sem skýrir þessi hagstæðu áhrif.

Við mat á afkomu þjóðarbúsins er oft litið til þjóðartekna þar sem tillit er tekið til breytinga á viðskiptakjörum þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og launa- og fjáreignatekna til og frá útlöndum (að stærstum hluta vaxta- og arðgreiðslur). Afgangur var af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum á síðasta ári sem nam 1,5 milljörðum króna eða 0,1% af landsframleiðslu. Árið 2016 nam afgangurinn 44,8 milljörðum króna eða sem nam 1,8% af landsframleiðslu árins en að þessum tveimur árum undanskildum hefur ekki mælst afgangur af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum allt frá því að gerð þjóðhagsrekninga hófst árið 1945. Á árunum 1980–2015 var að meðaltali 4,6% árlegur halli á launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum. Þrátt fyrir jákvæð viðskiptakjaraáhrif hefur minni afgangur af launa- og fjáreignatekjum frá útlöndum þau áhrif að þjóðartekjur jukust minna en sem nam vexti landsframleiðslu á árinu 2017 eða um 3% samanborið við 11,3% aukningu árið áður.


Síðastliðin fimm ár hafa þjóðartekjur á föstu verði hins vegar aukist umtalsvert umfram raunvöxt vergrar landsframleiðslu sem endurspeglar bætta stöðu þjóðarbúsins gagnvart útlöndum og hagstæða viðskiptakjaraþróun á tímabilinu. Í heild hafa vergar þjóðartekjur á föstu verði aukist um 45,3% á árabilinu 2012–2017 samanborið við 24% vöxt vergrar landsframleiðslu.

### Metafgangur af viðskiptajöfnuði síðastliðin fimm ár

Þrátt fyrir 164,6 milljarða króna neikvæðan vöruskiptajöfnuð reyndist viðskiptajöfnuðurinn (án rekstrarframlaga) jákvæður um 108,3 milljarða króna á síðasta ári eða sem nemur um 4,1% af landsframleiðslu. Afgangur á viðskiptajöfnuði hefur aldrei mælst meiri en síðustu fimm ár, eða um 6% að meðaltali á ári.

### Mynd 6. Magnvísitala landsframleiðslu og þjóðartekna

Figure 6. GDP and GNI, volume indices




Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.

## Hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu

Hér að ofan er landsframleiðsla metin út frá ráðstöfunarhlið, með því að meta útgjöld þjóðarbúsins, þ.e. neyslu og fjárfestingu að teknu tilliti til viðskipta við útlönd. Framleiðslu er einnig unnt að meta með beinum hætti í einstökum atvinnugreinum. Í töflu 8 eru sýndar niðurstöður slíks mats fyrir tímabilið 2013–2017 en þar kemur fram hlutur einstakra atvinnugreina í landsframleiðslu. Í töflu 7 eru sýndar magnvísitölur framleiðslunnar í sömu atvinnugreinaskiptingu.

Tölur þessar eru byggðar á framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til ársins 2015, bráðabirgðatölum fyrir árið 2016 og áætlun fyrir árið 2017.

**Mynd 7. Hlutfall launa og rekstrarafgangs af landsframleiðslu (tekjuvirði)**  
*Figure 7. The share of labour and capital in GDP (factor cost)*




**Skýring Note:** Bráðabirgðatölur fyrir árin 2015 og 2016. Preliminary data 2016 and 2017.

## Hlutur vinnuafls og fjármagns

Framleiðslu í skilningi þjóðhagsreikninga má líta á sem samtölusum sem launþegar bera úr býtum annars vegar og fjármagn og einyrkjar hins vegar. Á árinu 2017 er talið að í hlut launþega hafi komið um 63,1% af því sem til skipta var en fjármagnið og einyrkjar hafi borið úr býtum um 36,9%. Launafjárhæð á árinu 2017 er áætluð með hliðsjón af tiltækum gögnum um launabreytingar milli 2016 og 2017 en launafjárhædir fyrri ára eru fengnar úr framleiðsluuppgjöri þjóðhagsreikninga fram til 2016.

## Mynd 8. Hagvöxtur á Íslandi og í OECD ríkjunum

Figure 8. GDP annual growth rate in Iceland and OECD



Skýring Note: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. Preliminary data 2016 and 2017.

### Hagvöxtur í OECD-ríkjum árið 2017

OECD hefur áætlað að á liðnu ári hafi landsframleiðsla í ríkjum OECD í heild aukist um 2,5% sem er nokkru minni vöxtur en hér á landi. Á árinu 2016 jókst landsframleiðsla OECD-ríkjanna um 1,8% samanborið við 7,4% vöxt hér á landi.


Miklar sveiflur hafa einkennt hagþróun á Íslandi og framan af tíunda áratug síðustu aldar var hagvöxtur hér á landi mun minni en í OECD-ríkjum í heild. Ef litið er yfir allt tímabilið 1990–2017 reyndist árlegur meðalvöxtur á Íslandi 2,9% en 2,2% í OECD-ríkjunum í heild.

### Endurmat landsframleiðslu og hagvaxtar

#### Breytingar eldri talna

Í hagtíðindahefti þjóðhagsreikninga sem birt var í júní síðastliðnum var tilkynnt um fyrirhugaða endurskoðun á áður birtum tölum aftur til ársins 1997. Endurskoðunin nær meðal annars til nokkurra undirliða í einkaneyslu sem hafa verið uppfærðir til samræmis við ný gögn. Auk fleiri liða voru útgjöld vegna lyfja tekin til endurskoðunar til samræmis við endanlegar tölur frá Sjúkratryggingum fyrir árið 2017 og ólögleg starfsemi var uppfærð aftur til ársins 2010. Stærsti einstaki liðurinn sem tekin var til endurskoðunar í einkaneyslu er húsnaðisliðurinn en hann var endurskoðaður aftur til ársins 2009. Um er að ræða reglubundna endurskoðun sem fram fer þegar fyrir liggja gögn um leiguverð húsnaðis samkvæmt niðurstöðum lífskjararannsóknar. Fjárfesting var endurskoðuð aftur til ársins 1997. Meginbreytingin felst í því að rekstrarfjármunir sem áður voru gjaldfærðir eru nú eignfærðir að hluta, til samræmis við alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðla. Afskriftir hins opinbera voru einnig endurskoðaðar aftur til ársins 1998 til samræmis við endurbætta aðferðafræði.

**Mynd 9. Vöxtur landsframleiðslu, endurmat**  
*Figure 9. GDP growth rate, revised figures*



**Skýring Note:** Bráðabirgðatölur fyrir árin 2016 og 2017. *Preliminary data 2016 and 2017*

Almenna reglan við endurskoðun þjóðhagsreikninga er að við útgáfu árstalna, í mars og september eru niðurstöður þriggja ára opnar til endurskoðunar. Eldri niðurstöður teljast endanlegar, en þó geta tímaraðir lengra aftur í tímann verið endurskoðaðar ef nauðsynlegt reynist og slík endurskoðun hefur verið tilkynnt fyrirfram.

**Tafla 1. Endurskoðun á hagvexti milli ára 1998–2017**  
*Table 1. Revision of economic growth 1998–2017*

Ár Year	Hagyöxtur skv. birtingu í mars 2018 <i>Economic growth published in March 2018</i>	Hagyöxtur, endurskoðun Economic growth, revised figures	Breyting Change
1998	7,0	7,1	0,1
1999	3,9	4,0	0,1
2000	4,6	4,9	0,3
2001	3,9	3,9	0,0
2002	0,6	0,7	0,1
2003	2,4	2,3	-0,1
2004	8,1	8,0	0,0
2005	6,4	6,3	-0,1
2006	5,0	5,2	0,2
2007	9,4	9,4	-0,1
2008	1,7	2,0	0,3
2009	-6,5	-6,8	-0,3
2010	-3,6	-3,4	0,2
2011	2,0	1,9	-0,1
2012	1,3	1,3	0,0
2013	4,3	4,1	-0,2
2014	2,2	2,1	-0,1
2015	4,3	4,5	0,2
2016	7,5	7,4	-0,1
2017	3,6	4,0	0,3

*Ýtarlegra talnaefni á netinu*

Auk þess talnaefnis, sem hér birtist í Hagtíðindum, er vísað til ýtarlegs talnaefnis á vef Hagstofunnar. Þar er að finna langar tímaraðir um flesta þætti þjóðhagsreikninga.

## English summary

*4% growth in GDP in 2017*

The revised annual national accounts for 2017 show a 4% increase in Gross Domestic Product (GDP) in real terms. In 2016, GDP increased by 7.4% and by 4.5% in 2015. The economic growth in 2017 is mainly driven by a 7% increase in the gross domestic final expenditure. Despite a large foreign trade surplus in 2017, higher growth in imports compared to that of exports contributed negatively to GDP growth.

Surplus in the balance of trade in 2017 and surplus in primary income from abroad, according to preliminary figures from the Central bank of Iceland, result in a current account surplus of 108.3 billion ISK or 4.1% of GDP, compared to a current account surplus of 200.3 billion ISK or 8% of GDP in 2016.

*3% increase in GNI in 2017,  
11.3% increase in 2016*

During 2017 the terms of trade improved by 0.8% of GDP of the previous year having a similar impact on Gross National Income (GNI). Lower surplus in primary income from abroad in 2017 compared to previous year results in 3% growth in GNI compared to 11.3% growth in 2016.

*Household final consumption  
50.3% of GDP*

In 2017 the share of household final consumption in GDP was 50.3%. Since 2008 this share has been falling. In the period 2008–2017 the share was 51.6% on average compared to 58.2% in 1980–2007. Government final consumption amounted to 23.3% of GDP in 2017.

*Gross fixed capital formation  
increased by 9.5%*

Gross fixed capital formation (GFCF) increased in real terms by 9.5% in 2017 compared to 21.7% in 2016. The share of GFCF was 22.3% of GDP in 2017 which is close to the historical average. The average share for the period 1980–2016 was 21.4% of GDP. A comparable results for the OECD total has been around 20% during the last quarter of a century.

*Revisions of previous  
year's results*

Revisions based on better source data and improved methods have been made, affecting the national accounts results for previous years. Table 1 presents a comparison of previously published and revised GDP figures back to the year 1997. In household final consumption expenditure, the largest single item revised is the housing component, which has been revised back to 2009 based on new data on housing rental prices. Gross fixed capital formation (GFCF) figures have been revised back to 1997 and consumption of fixed capital of general government was revised back to 1998 in accordance with improved methodology.

Due to delays in the publication of the annual State accounts for 2017, the publication of national accounts results for 2017 are presented subject to changes as more information becomes available. For same reason the publication of the *General government finances 2017 - revision*, scheduled for 14 September, has been postponed until 13 December.

**Tafla 2. Landsframleiðsla og þjóðartekjur 2012–2017**

Table 2. Gross Domestic Product and Gross National Income 2012–2017

Milljónir króna á verðlagi hvers árs

Million ISK, current prices	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	989.402	1.034.719	1.093.250	1.146.570	1.235.920	1.315.669
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	450.041	472.119	496.326	535.266	570.588	609.955
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	294.273	306.631	356.531	439.023	537.736	582.032
4. Birgðabreytingar <i>Changes in inventories</i>	1.800	-4.953	2.045	3.489	2.926	754
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>1.735.516</b>	<b>1.808.517</b>	<b>1.948.152</b>	<b>2.124.348</b>	<b>2.347.170</b>	<b>2.508.410</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	1.013.269	1.047.908	1.068.320	1.188.374	1.186.616	1.206.292
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	576.340	561.036	568.316	614.382	540.233	530.509
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	436.929	486.871	500.004	573.992	646.382	675.783
7. Frádráttur: Innflutningur alls						
Less: <i>Imports of goods and services</i>	907.056	897.464	942.907	1.024.702	1.031.051	1.099.482
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	564.304	553.221	578.635	649.890	641.897	695.097
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	342.751	344.243	364.272	374.812	389.153	404.385
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>1.841.729</b>	<b>1.958.961</b>	<b>2.073.565</b>	<b>2.288.020</b>	<b>2.502.735</b>	<b>2.615.220</b>
9. Launa- og eignatekjur frá útlöndum, nettó						
<i>Primary incomes received from abroad, net</i>	-166.898	-23.541	-29.957	-12.725	44.750	1.455
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>1.674.831</b>	<b>1.935.420</b>	<b>2.043.608</b>	<b>2.275.295</b>	<b>2.547.485</b>	<b>2.616.675</b>
11. Viðskiptajöfnuður án rekstrarframlaga						
<i>Balance on current account</i>	-60.685	126.903	95.456	150.947	200.315	108.265
11.1 Vöruskiptajöfnuður fob/fob <i>Balance on goods</i>	12.035	7.815	-10.319	-35.508	-101.664	-164.588
11.2 Þjónustujöfnuður fob/fob <i>Balance on services</i>	94.178	142.629	135.733	199.180	257.229	271.397
11.3 Launa- og eignattekjur frá útlöndum, nettó						
<i>Balance on primary income from abroad</i>	-166.898	-23.541	-29.957	-12.725	44.750	1.455

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 3. Raunbreyting landsframleiðslu og þjóðartekna 2012–2017**

Table 3. Volume changes in Gross Domestic Product and Gross National Income 2012–2017

Raunbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup>	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
<i>Volume changes on previous year, %<sup>1</sup></i>						
1. Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	1,9	0,9	3,2	4,5	7,2	7,9
2. Samneysla <i>Government final consumption</i>	-1,8	0,7	1,3	1,1	1,9	3,1
3. Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	5,2	2,2	15,9	19,7	21,7	9,5
<b>5. Þjóðarútgjöld alls <i>Gross domestic final expenditure</i></b>	<b>1,6</b>	<b>0,5</b>	<b>5,3</b>	<b>6,4</b>	<b>8,8</b>	<b>7,0</b>
6. Útflutningur alls <i>Exports of goods and services</i>	3,6	6,7	3,2	9,1	10,9	5,5
6.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	3,4	3,7	1,7	3,3	3,7	1,4
6.2 Þjónusta <i>Services</i>	3,8	10,6	4,9	15,7	18,7	8,8
7. Frádráttur: Innflutningur alls						
Less: <i>Imports of goods and services</i>	4,6	0,1	9,8	13,8	14,5	12,5
7.1 Vörur, fob <i>Goods, fob</i>	2,3	-0,3	9,3	18,6	13,7	11,5
7.2 Þjónusta <i>Services</i>	8,7	0,8	10,5	6,1	15,9	14,1
<b>8. Verg Landsframleiðsla <i>Gross Domestic Product</i></b>	<b>1,3</b>	<b>4,1</b>	<b>2,1</b>	<b>4,5</b>	<b>7,4</b>	<b>4,0</b>
<b>10. Vergar þjóðartekjur <i>Gross National Income</i></b>	<b>2,9</b>	<b>11,9</b>	<b>3,6</b>	<b>9,2</b>	<b>11,3</b>	<b>3,0</b>

<sup>1</sup> Raunbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutengingum. Volume changes are based on annual chain linking.<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 4. Einkaneysla 1990–2017**

Table 4. Household final consumption expenditure 1990–2017

	1990	1995	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
<b>Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices<sup>2</sup></b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	50.843	55.116	199.051	209.760	224.954	230.228
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	16.926	17.969	37.377	39.211	41.144	42.422
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	38.016	44.625	263.875	276.672	290.149	304.710
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki						
<i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	15.920	17.841	70.668	72.453	75.708	74.882
<i>Heilsugæsla Medical care and health expenses</i>	4.421	6.889	30.869	32.897	34.310	35.903
<i>Samgöngur og póstur og sími Transport and communication</i>	29.032	33.539	179.050	191.664	211.100	229.379
<i>Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál</i>						
<i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	25.010	35.661	123.178	133.815	156.635	167.733
<i>Hótel og veitingastaðir Restaurants and hotels</i>	13.736	18.367	104.901	125.820	172.092	195.293
<i>Ýmsar vörur og þjónusta Miscellaneous goods and services</i>	13.027	17.323	80.275	85.430	93.370	97.543
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>206.931</b>	<b>247.329</b>	<b>1.089.245</b>	<b>1.167.720</b>	<b>1.299.461</b>	<b>1.378.093</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis						
<i>Direct purchases abroad by resident households</i>	17.129	18.940	104.278	119.736	137.945	162.737
Útgjöld útlendinga á Íslandi						
<i>Direct purchases in the domestic marked by non-resident households</i>	-9.140	-12.246	-140.279	-185.004	-251.910	-281.090
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>214.920</b>	<b>254.023</b>	<b>1.053.244</b>	<b>1.102.452</b>	<b>1.185.497</b>	<b>1.259.741</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	7.175	9.267	40.006	44.118	50.423	55.928
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>222.095</b>	<b>263.290</b>	<b>1.093.250</b>	<b>1.146.570</b>	<b>1.235.920</b>	<b>1.315.669</b>
<b>Hlutfallsleg skipting Percentage breakdown</b>						
Matur og drykkjarvörur <i>Food, beverages and tobacco</i>	23,7	21,7	18,9	19,0	19,0	18,3
Föt og skór <i>Clothing and footwear</i>	7,9	7,1	3,5	3,6	3,5	3,4
Húsnæði, ljós og hiti <i>Gross rent, fuel and power</i>	17,7	17,6	25,1	25,1	24,5	24,2
Húsgögn, húsbúnaður, heimilishald og heimilistæki						
<i>Furniture, furnishings and household equipment and operation</i>	7,4	7,0	6,7	6,6	6,4	5,9
<i>Heilsugæsla Medical care and health expenses</i>	2,1	2,7	2,9	3,0	2,9	2,9
<i>Samgöngur og póstur og sími Transport and communication</i>	13,5	13,2	17,0	17,4	17,8	18,2
<i>Tómstundaiðja, skemmtanir, menntun og menningarmál</i>						
<i>Recreation, entertainment, education and culture</i>	11,6	14,0	11,7	12,1	13,2	13,3
<i>Hótel og veitingastaðir Restaurants and hotels</i>	6,4	7,2	10,0	11,4	14,5	15,5
<i>Ýmsar vörur og þjónusta Miscellaneous goods and services</i>	6,1	6,8	7,6	7,7	7,9	7,7
<b>Einkaneysla innanlands alls</b>						
<b>Households Final Consumption Exp. in the Domestic Market</b>	<b>96,3</b>	<b>97,4</b>	<b>103,4</b>	<b>105,9</b>	<b>109,6</b>	<b>109,4</b>
Útgjöld Íslendinga erlendis						
<i>Direct purchases abroad by resident households</i>	8,0	7,5	9,9	10,9	11,6	12,9
Útgjöld útlendinga á Íslandi						
<i>Direct purchases in the domestic marked by non-resident households</i>	-4,3	-4,8	-13,3	-16,8	-21,2	-22,3
<b>Einkaneysla heimila alls</b>						
<b>Household Final Consumption Exp. of Resident Households</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Starfsemi samtaka <i>Non-profit institutions serving households</i>	3,3	3,6	3,8	4,0	4,3	4,4
<b>Einkaneysla alls Private Final Consumption Expenditure</b>	<b>103,3</b>	<b>103,6</b>	<b>103,8</b>	<b>104,0</b>	<b>104,3</b>	<b>104,4</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.<sup>2</sup> Rétt er að benda á í niðurbroti einkaneyslu eftir útgjaldaflokkum hefur ekki verið leiðrétt fyrir útgjöldum íslendinga erlendis né útgjöldum erlendra manna á Íslandi. It should be noted that in this table direct purchases abroad by resident households and direct purchases in the domestic marked by non-resident households are adjusted for on aggregated level only.

**Tafla 5. Fjármunamyndun 2015–2017**  
*Table 5. Gross fixed capital formation 2015–2017*

	Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices			Magnbreyting frá fyrra ári, % <sup>1</sup> Volume changes on previous year, per cent <sup>1</sup>		
	2015	2016 <sup>2</sup>	2017 <sup>2</sup>	2015	2016 <sup>2</sup>	2017 <sup>2</sup>
<b>Fjármunamyndun alls Gross fixed capital formation, total</b>	<b>439.023</b>	<b>537.736</b>	<b>582.032</b>	<b>19,7</b>	<b>21,7</b>	<b>9,5</b>
<b>Atvinnuvegir alls Business sector investment</b>	<b>318.191</b>	<b>393.768</b>	<b>400.821</b>	<b>31,2</b>	<b>25,1</b>	<b>4,8</b>
Landbúnaður og skógrækt Agriculture and forestry	13.519	12.789	13.560	18,3	-4,1	9,1
Fiskveiðar Fishing	19.913	17.665	29.689	109,7	-8,6	74,5
Matvælavinnsla						
Manufacture of food products and beverages	11.712	12.037	13.356	-8,0	4,5	15,7
Framleiðsla málma Manufacture of basic metals	17.317	22.247	9.363	80,4	33,9	-55,2
Annar iðnaður Other manufacturing	12.706	14.079	15.073	-13,1	10,2	9,5
Rafvirkjanir, raf-, hita- og vatnsveitur				0,0	0,0	0,0
Production and distribution of electricity and water	33.462	44.617	54.144	32,4	34,2	23,5
Byggingarstarfsemi Construction	17.037	26.646	29.409	-9,7	58,9	15,3
Verslun Wholesale and retail trade	12.732	22.261	24.713	-0,1	77,5	15,6
Hótel- og veitingahúsarekstur Hotels and restaurants	18.479	19.648	20.849	76,1	6,3	8,4
Flugsamgöngur Air transport	27.833	25.607	13.695	370,9	-1,9	-41,5
Flutningar, ferðaskrifstofur o.p.h.				0,0	0,0	0,0
Travel agencies and tour operators n.e.c.	14.495	26.957	27.819	56,6	84,4	4,8
Samgöngur Transport	5.900	9.000	9.712	75,3	60,9	17,6
Fjarskiptabjónusta Telecommunications	9.317	9.768	5.991	3,8	8,7	-36,6
Fjármálaþjón., vártryggingar og önnur fjármálastarfsemi				0,0	0,0	0,0
Financial intermediation and insurance	3.334	7.959	7.057	-51,3	132,1	-12,3
Fasteignaviðskipti Real estate activities	23.593	38.130	41.075	13,0	57,6	7,2
Ýmis leigustarfsemi og tölvuþjónusta				0,0	0,0	0,0
Computer and related activities	27.701	28.487	25.667	54,1	4,3	-6,0
Rannsóknir og þróunarstarf Research and development	18.754	19.471	19.727	28,6	-1,3	-1,4
Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta				0,0	0,0	0,0
Other business activities	10.250	14.344	15.945	20,6	39,9	14,0
Annað Other n.e.c.	20.136	22.058	23.974	-4,6	14,8	16,1
<b>Íbúðarhús alls Residential construction</b>	<b>58.644</b>	<b>79.337</b>	<b>98.031</b>	<b>-3,2</b>	<b>26,4</b>	<b>18,4</b>
<b>Starfsemi hins opinbera Public works and buildings</b>	<b>62.188</b>	<b>64.631</b>	<b>83.180</b>	<b>-2,6</b>	<b>-0,1</b>	<b>26,9</b>
Vegir og brýr Roads and bridges	11.630	13.087	15.383	-7,0	8,7	15,3
Götur og holræsi Streets and sewers	6.405	10.935	15.126	-14,0	64,7	36,1
Byggingar hins opinbera Public buildings	20.449	17.105	23.801	0,9	-19,3	36,7
Önnur fjárfesting hins opinbera Other public investment	23.704	23.503	28.871	0,3	-5,3	22,0
<b>Atvinnuvegir alls, tegundaskipting</b>						
<b>Business sector investment, type of assets</b>	<b>318.191</b>	<b>393.768</b>	<b>400.821</b>	<b>31,2</b>	<b>25,1</b>	<b>4,8</b>
Fólksbifreiðar Motor vehicles for industrial use	9.222	12.215	17.998	39,7	35,1	61,9
Skip og skipsbúnaður, flugvélar o.fl.				0,0	0,0	0,0
Ships, aircrafts and pertaining equipments	50.417	39.692	32.641	168,8	-16,6	-12,9
Verksmiðju-, iðnaðarvélar og tæki				0,0	0,0	0,0
Manufacturing machinery and equipments	35.094	43.773	35.974	10,5	31,6	-11,1
Skrifstofuáhöld og tæki Office machinery and computers	41.049	46.755	44.829	-4,6	25,1	-0,1
Vélar og tæki til jarðvegsvinnu og mannvirkjagerðar				0,0	0,0	0,0
Machinery tools for quarrying and construction	41.779	51.810	55.202	25,0	31,2	16,1
Mannvirki Construction	104.781	158.095	173.371	32,1	47,0	8,8
þær af byggingar thereof buildings	70.140	102.378	107.589	33,8	40,8	3,3
Annað Other n.e.c.	35.850	41.428	40.807	13,5	8,5	-5,9

<sup>1</sup> Magnbreytingar eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegri keðjutengingu. Volume changes are based on annual chain linking.

<sup>2</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 6. Skipting landsframleiðslunnar á framleiðsluþætti 2012–2017**

Table 6. Cost components of Gross Domestic Product 2012–2017

Verðlag hvers árs, millj. kr. Million ISK at current prices	2012	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
<b>1. Verg landsframleiðsla Gross Domestic Product</b>	<b>1.841.729</b>	<b>1.958.961</b>	<b>2.073.565</b>	<b>2.288.020</b>	<b>2.502.735</b>	<b>2.615.220</b>
2. Vörutengdir skattar Taxes on products	209.806	216.780	229.773	251.841	279.188	304.039
3. Vörutengdir styrkir Subsidies on products	15.764	13.833	14.054	14.338	15.158	16.723
<b>4. Vinnsluvirði á grunnverði (4.=1.–2.+3.)</b>						
<b>Valus added, basic prices (4.=1.–2.+3.)</b>	<b>1.647.687</b>	<b>1.756.014</b>	<b>1.857.846</b>	<b>2.050.516</b>	<b>2.238.704</b>	<b>2.327.904</b>
5. Aðrir skattar á framleiðslu Other taxes on production	45.145	50.411	84.741	83.461	70.599	76.883
6. Aðrir styrkir á framleiðslu Other subsidies on production	14.494	16.897	15.094	15.170	18.921	20.875
<b>7. Vergar þáttatekjur (7.=4.–5.+6.–10.)</b>						
<b>Gross factor income (7.=4.–5+6.–10.)</b>	<b>1.617.036</b>	<b>1.722.500</b>	<b>1.788.199</b>	<b>1.982.225</b>	<b>2.187.026</b>	<b>2.271.896</b>
8. Laun og tengd gjöld Compensation of employees	909.832	987.493	1.048.735	1.166.157	1.305.128	1.434.336
9. Vergur rekstrarafgangur (9.=7.–8.)						
<b>Operating surplus, gross (9.=7.–8.)</b>	<b>707.204</b>	<b>735.007</b>	<b>739.464</b>	<b>816.069</b>	<b>881.898</b>	<b>837.560</b>
9.1 Bókfærðar afskriftir						
<b>Consumption of fixed capital (business acc.)</b>	<b>291.103</b>	<b>321.692</b>	<b>316.009</b>	<b>345.633</b>	<b>374.094</b>	...
9.2 Hreinn rekstrarafgangur <b>Operating surplus, net</b>	<b>416.101</b>	<b>413.315</b>	<b>423.456</b>	<b>470.436</b>	<b>507.804</b>	...

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.**Tafla 7. Magnvísitölur atvinnuvega og landsframleiðslunnar í heild 2013–2017**

Table 7. Gross Domestic Product by industries, volume indices 2013–2017

Magnvísitölur, 2005=100 Volume indices, 2005=100	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar Agriculture, forestry and fishing	93,2	92,3	96,7	95,9	96,2
Þar af fiskveiðar There of fishing	83,1	81,8	86,4	85,3	85,2
B.–E. Framleiðsla, námugröttur, veitur og meðhöndlun úrgangs Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management	136,8	140,4	144,9	144,2	143,2
F. Byggingarstarfsemi Construction	54,9	60,3	67,9	86,5	97,9
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða Wholesale & retail trade; transportation; accommod. and food service	119,4	128,9	144,8	168,2	179,5
J. Upplýsingar og fjarskipti Information and communication	123,2	132,3	145,5	162,3	160,7
K. Fjármála- og vátryggingastarfsemi Financial and insurance activities	106,3	92,9	78,1	84,4	87,2
L. Fasteignaviðskipti Real estate activities	104,1	104,7	106,1	108,9	110,8
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta Other service activities	120,7	127,7	146,0	160,7	176,2
O.–Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta Public adm.; education; human health and social work activities	97,7	99,0	100,1	102,0	105,2
R.–U. Önnur starfsemi Other activities	113,5	116,6	123,0	127,1	127,9
<b>Allar atvinnugreinar Total industries</b>	<b>110,0</b>	<b>112,6</b>	<b>117,7</b>	<b>126,0</b>	<b>131,0</b>
Breyting frá fyrra ári, % Percentage change from previous year, %	2,8	2,4	4,5	7,0	4,0
Til samanburðar: Breyting skv. útgjaldauppgjöri, % Memorandum: Change according to expenditure approach, %	4,1	2,1	4,5	7,4	4,0

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

**Tafla 8. Hlutfallsleg skipting landsframleiðslu eftir atvinnuvegum 2013–2017**  
**Table 8. Gross Domestic Product by industries, percentage breakdown 2013–2017**

Hlutfallsleg skipting Percentage breakdown	2013	2014	2015	2016 <sup>1</sup>	2017 <sup>1</sup>
A. Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar <i>Agriculture, forestry and fishing</i>	6,6	6,0	6,0	5,2	5,1
Þar af fiskveiðar <i>There of fishing</i>	5,3	4,7	4,9	4,0	3,9
B.–E. Framleiðsla, námugröftur, veitur og meðhöndlun úrgangs <i>Mining; manufacturing; electricity; water supply; waste management</i>	18,6	17,4	17,0	15,5	14,9
F. Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	4,6	5,2	5,3	6,8	7,5
G.–I. Verslun, samgöngur, rekstur veitinga- og gististaða <i>Wholesale &amp; retail trade; transportation; accommod. and food service</i>	16,8	17,3	18,9	20,7	21,3
J. Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	4,8	4,6	4,8	4,9	4,7
K. Fjármála- og vátryggingastarfsemi <i>Financial and insurance activities</i>	7,6	7,8	6,3	5,5	5,5
L. Fasteignaviðskipti <i>Real estate activities</i>	11,5	11,5	10,8	10,5	9,7
M.–N. Ýmis sérhæfð þjónusta <i>Other service activities</i>	7,1	7,8	8,5	8,9	9,4
O.–Q. Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Public adm.; education; human health and social work activities</i>	19,5	19,7	19,6	19,2	19,2
R.–U. Önnur starfsemi <i>Other activities</i>	2,9	2,8	2,8	2,7	2,7
<b>Allar atvinnugreinar Total industries</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

Hagtíðindi	Pjóðhagsreikningar
Statistical Series	<i>National accounts</i>
103. árg.	• 21. tbl.
103. árg.	7. september 2018
ISSN 1670-4770	Umsjón <i>Supervision</i> Gunnar Axel Axelsson • <a href="mailto:gunnar.axelsson@hagstofa.is">gunnar.axelsson@hagstofa.is</a>
	© Hagstofa Íslands <i>Statistics Iceland</i> • Borgartúni 21a 105 Reykjavík Iceland
	<a href="http://www.hagstofa.is">www.hagstofa.is</a> <a href="http://www.statice.is">www.statice.is</a>
Sími <i>Telephone</i>	+(354) 528 1000 Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
Bréfasími <i>Fax</i>	+(354) 528 1099 <i>Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.</i>